

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn mánudaginn, 31. mars, 2003, kl. 12:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson, Sólveig Anna Bóasdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Björn Björnsson hættir nú í stjórn Siðfræðistofnunar að eigin ósk, en hann lét af embætti prófessors í guðfræði um áramótin s.l. Fyrir hönd Siðfræðistofnunar þakkaði Vilhjálmur honum fyrir góð störf í þágu stofnunarinnar allt frá upphafi. Var honum afhent bókargjöf í þakklætisskyni og óskað velfarnaðar. Við Birni tekur Sólveig Anna Bóasdóttir og var hún boðin velkomin til starfa. Björn Björnsson vék af fundi.
3. *Fundir og málþing:* 1) Í samstarfi við Borgarleikhúsið hélt Jón Ólafsson inngangserindi að sýningu á *Sölumaður deyr* í janúar. 2) Landvernd óskaði eftir samstarfi um málþing í janúar um umhverfismál og var Þorvarður Árnason, fulltrúi stofnunarinnar þar. 3) Málþingi um ímynd stjórnálagamannsins í samvinnu við Skálholtsskóla hefur verið frestað um óákveðinn tíma. 4) Mikjálsmessa var haldin 28.- 29. mars s.l. og tókst mjög vel. Siðfræðistofnun styrkti messuna sem haldin var til heiðurs Mikael M. Karlssyni, sextugum. 5) Fjallað um ýmsar hugmyndir um málþing á næstu misserum. 6) Ákveðið að endurvekja súpu-fundi í hádegi með þeim sem eru að vinna á vegum Siðfræðistofnunar undir heitinu „Málin snædd“. Hugmyndin að halda einn fund á mánuði yfir vetrartímann.
4. *Ýmis erindi.* 1) Ríkislögreglustjórinn hefur óskað eftir umsögn stofnunarinnar um sérstakar siðareglur lögreglu. Auk forstöðumanns munu Róbert H. Haraldsson og Jón Kalmansson koma að þessari umsögn. 2) V.R. hefur óskað eftir að fá álitargerð frá Siðfræðistofnun um lífeyrissjóði og siðferðileg álitamál sem vakna vegna þátttöku þeirra í stjórnnum hlutafélaga. Ketill Berg Magnússon hefur samþykkt að taka verkið að sér ásamt Róberti H. Haraldssyni og forstöðumanni. 3) Óskað hefur verið eftir áliti um siðareglur iðjuþjálfara. Jón Kalmansson tók verkið að sér.
5. Samningur við Þjóðkirkjuna lagður fram til staðfestingar.
6. *Umsóknir og styrkir:* Siðfræðistofnun hlaut styrki úr Kristnihátíðarsjóði í desember 2002 fyrir verkefni Siðfræðivefur og Siðanefndir starfsstétta.
7. *Staða rannsóknaverkefna:* 1) Stjórnarformaður gerði grein fyrir stöðu ELSAGEN og Norfa verkefnisins. Síðasti fundur var haldinn í Lundi 31. janúar

s.l. Næsti stjórnarfundur ELSAGEN verður haldinn í júní og síðan stór Norfa fundur í Skálholti í september. Verkefnið gengur mjög vel. 2) Róbert H. Haraldsson kom á fundinn og fjallaði um tvö rannsóknarverkefni sem hann stýrir undir merkjum stofnunarinnar. a) Sjálfbær þróun sem hefur sótt um styrk til þriðja árs í Markáætlun Rannís. Verkefnið gengur vel og eru góðar líkur á að það hljóti framhaldsstyrk. b) Rannsókn á siðanefndum með styrk frá Kristnihátíðarsjóði. Verkefnið gengur vel en í fyrstu atrennu hefur verið einblínt á siðanefndir Bláðamannafélagsins og hefur það reynst mun meiri vinna en talið var í upphafi. Í framhaldi af þeirri vinnu er ætlunin að skoða siðanefndir lækna og lögmanna. 3) Greint frá verkefninu Siðfræðivefur sem fékk styrk frá Kristnihátíðarsjóði og Jón Ólafsson hefur yfirumsjón með ásamt forstöðumanni. Verkefnið felst í að útbúa efni til kennslu í siðfræði á vefnum og hafa kennarar í siðfræði og heimspeki í framhaldsskólum verið fengnir til liðs við verkefnið.

8. *Námskeið og kennsla.* 1) Umsóknarfrestur fyrir nám í Starfstengda siðfræði næsta haust rennur út 1. maí. 2) Fyrir í vetur var leitaði Endurmenntunarstofnun um samstarf við Siðfræðistofnun um námskeið í siðfræði tengt sálgæslunámi sem þar er boðið uppá. Var boðið uppá slíkt námskeið á vorönn.
9. Fleira ekki gert og fundi slitið.